

# Hagnaður N1 119 milljónir króna á 1. ársfjórðungi 2016

## Helstu niðurstöður

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 374 m.kr. á 1F 2016 samanborið við 269 m.kr. á sama tímabili árið 2015
- Framlegð af vörusölu jókst um 4,8% á 1F 2016
- Selt magn án JET lækkaði um 14,9% á milli 1F 2016 og 1F 2015 vegna minni umsvifa í sjávarútvegi
- Eigið fé var 6.799 m.kr. og eiginfjárlutfall 35,3% í lok 1F 2016
- Arðsemi eiginfjár var 6,6% á fjórðungnum (1F 2015: 4,9%)
- Á aðalfundi þann 16. mars 2016 var samþykkt að greiða arð að fjárhæð 1.050 m. kr.

<i>Húsundir króna</i>	1F 2016	1F 2015	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Framlegð af vörusölu	2.078.828	1.982.921	95.907	4,8%
Aðrar rekstrartekjur	92.503	101.111	-8.608	-8,5%
EBITDA	373.629	269.305	104.324	38,7%
EBIT	200.612	94.591	106.021	112,1%
EBT	144.471	154.908	-10.437	-6,7%
Hagnaður tímabilsins	119.495	134.575	-15.080	-11,2%
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Birgðir	2.453.116	3.088.057	-634.941	-20,6%
Viðskiptakröfur	2.401.570	3.493.133	-1.091.563	-31,2%
Vaxtaberandi skuldir	6.370.000	6.585.622	-215.622	-3,3%
Handbært fé	2.652.277	4.759.798	-2.107.521	-44,3%
Nettó vaxtaberandi skuldir	3.755.183	1.857.469	1.897.714	102,2%
<b>Sjóðstreymi</b>				
Handbært fé frá rekstri	582.824	499.638	83.186	16,6%
Fjárfestingahreyfingar	-250.478	-105.736	-144.742	136,9%
Fjármögnunarahreyfingar	-152.880	-282.398	-129.518	-45,9%
Handbært fé í lok tímabils	2.652.277	4.759.798	-2.107.521	-44,3%
<b>Lykiltölur</b>				
EBITDA/framlegð	18,0%	13,6%	4,4%	32,3%
Eiginfjárlutfall	35,3%	45,0%	-9,7%	-21,6%
Laun/framlegð	47,9%	50,0%	-2,1%	-4,2%
Hagnaður á hlut	0,34	0,19	0,15	78,9%
Arðsemi eigin fjár	6,6%	4,9%	0,02	34,7%
Fjárfestingar	-279.902	-138.519	-141.383	-102,1%
Veltuhraði birgða	6,90	10,15	-3,25	-32,0%
	2M 2016	2M 2015	Breyt.	% Breyt.
Markaðshlutdeild án JET *	33,6%	38,5%	-4,9%	-12,7%
Markaðshlutdeild bensín	28,7%	29,0%	-0,3%	-0,9%

\*JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

## Rekstur fyrsta ársfjórðungs

<i>Púsundir króna</i>	1F 2016	1F 2015	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Framlegð af vörusölu	2.078.828	1.982.921	95.907	4,8%
Aðrar rekstrartekjur	92.503	101.111	-8.608	-8,5%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-996.604	-992.287	4.317	0,4%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-428.978	-486.823	-57.845	-11,9%
Annar rekstrarkostnaður	-372.120	-335.617	36.503	10,9%
EBITDA	373.629	269.305	104.324	38,7%

EBITDA á 1F 2016 var 374 m.kr. samanborið við 269 m.kr. á 1F 2015 en aukningin skýrist að mestu af meiri framlegð af vörusölu vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði. Dreifingarkostnaður lækkar vegna minni umsvifa í sjávarútvegi og minni sölu á flugeldsneyti (JET).

## Tekjur á fyrsta ársfjórðungi

<i>Púsundir lítra / velta í öðrum vörum í púsundum króna</i>	1F 2016	1F 2015	Breyt.	% Breyt.
Selt magn - bensín	12.014	11.378	636	5,6%
Selt magn - gasolía	17.598	16.121	1.477	9,2%
Selt magn - heild án JET	49.981	58.721	-8.739	-14,9%
Velta annarra vara	2.205.934	2.107.560	98.374	4,7%
Framlegð eldsneytis	1.105.826	1.111.630	-5.804	-0,5%
Framlegð annarra vara	973.002	871.291	101.711	11,7%
	2M 2016	2M 2015	Breyt.	% Breyt.
Markaðshlutdeild án JET *	33,6%	38,5%	-4,88%	-12,69%
Markaðshlutdeild bensín	28,7%	29,0%	-0,27%	-0,93%

\*JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

Selt magn án JET minnkaði um 14,9% á 1F 2016 samanborið við 1F 2015 en minnkunin skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi á 1F 2016 en loðnuvertíðin var talsvert minni en á 1F 2015. Umsvif á einstaklingsmarkaði jukust á milli tímabils sem tengist að mestu aukinni umferð. Velta annarra vara jókst um 4,7% á 1F 2016 ef horft er til sama tímabils á árinu 2015 en aukningin skýrist einnig að mestu vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði.

## Rekstrarkostnaður á fyrsta ársfjórðungi

<i>Púsundir króna</i>	1F 2016	1F 2015	Breyt.	% Breyt.
Launa- og starfsmannakostnaður	-996.604	-992.287	4.317	0,4%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-428.978	-486.823	-57.845	-11,9%
Annar rekstrarkostnaður	-372.120	-335.617	36.503	10,9%

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf á 1F 2016 var 485 en var 474 á 1F 2015 en aukning stöðugilda er vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði. Á fyrsta ársfjórðungi 2015 var gjaldfærður kostnaður vegna stjórnendabreytinga að fjárhæð 117 m.kr. en hækkuð launa- og starfsmannakostnaðar á 1F 2016 að teknu tilliti til gjaldfærslunnar á 1F 2015 skýrist af samningsbundnum launahækkunum. Sölu- og dreifingarkostnaður var 11,9% lægri á fyrsta ársfjórðungi 2016 sem skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi og minni sölu á flugeldsneyti (JET). Annar rekstrarkostnaður hækkar um 10,9% á 1F 2016 miðað við 1F 2015 en hækkuðin er að mestu vegna almennra kostnaðarhækkana í rekstrarkostnaði félagsins.

## Fjármagnsliðir

<i>Púsundir króna</i>	1F 2016	1F 2015	Breyting	% Breyting
Fjármunatekjur	42.262	49.908	-7.646	-15,3%
Fjármagnsgjöld	-118.903	-100.685	-18.218	18,1%
Gengismunur	-689	55.976	-56.665	-101,2%
Áhrif hlutdeildarféлага	21.189	55.118	-33.929	-61,6%
Samtals	-56.141	60.317	-116.458	-193,1%

Fjármunatekjur voru lægri á 1F 2016 en á sama tímabili árið á undan vegna lægri stöðu handbærs fjár en hærri innlánsvextir á 1F 2016 vega þó á móti. Fjármagnsgjöld eru hærri á 1F 2016 samanborið við 1F 2015 vegna hærri vaxta af langtímaláni. Gengismunur var óverulegur á 1F 2016 en á 1F 2015 var 56 m.kr. gengishagnaður vegna þróunar á gengi USD. Afkoma hlutdeildarféлага var lægri á 1F 2016 en á 1F 2015.

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

<i>Púsundir króna</i>	1F 2016	1F 2015	Breyting	% Breyting	2015
Birgðir	2.453.116	3.088.057	-634.941	-20,6%	2.604.007
Viðskiptakröfur	2.401.570	3.493.133	-1.091.563	-31,2%	2.275.197
Vaxtaberandi skuldir	6.370.000	6.090.000	280.000	4,6%	6.370.000
Handbært fé	2.652.277	4.759.798	-2.107.521	-44,3%	2.472.372
Nettó vaxtaberandi skuldir	3.755.183	1.857.469	1.897.714	102,2%	3.971.750
Eiginfjárlutfall	35,3%	45,0%	-9,7%	-21,6%	41,2%
Veltuhraði birgða	6,90	10,15	-3,25	-32,0%	12,03

Lækkun birgða og viðskiptakrafna á milli 1F 2016 og 1F 2015 skýrist að mestu af lægra heimsmarkaðsverði á olíu. Fjárfestingar á 1F 2016 voru 218 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til seldra rekstrarfjármuna.

## Horfur í rekstri N1 hf. og EBITDA spá 2016

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna
- Órói á olíumörkuðum mun valda sveiflum á framlegð og fjárbindingu
- Launahækkunar samkvæmt kjarasamningum munu hafa töluverð áhrif á launakostnað félagsins

EBITDA spá fyrir árið 2016 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 3.000 – 3.100 m.kr.

Sú spá gerir ráð fyrir því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 125. Rekstur félagsins er sveiflukennndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3ja ársfjórðungi.

## Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok mars 2016 nam 21,8 milljörðum króna
- Á aðalfundi félagsins 16. mars 2016 var samþykkt tillaga stjórnar að greiða hluthöfum 1.050 m. kr. arð eða 3 kr. á hlut. Arðurinn var greiddur hluthöfum 7. apríl 2016

## Kynningarfundur fimmtudaginn 28. apríl 2016

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2016 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: <http://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

## Fjárhagsdagatal

- Árshlutareikningur 2F 2016: 23. ágúst 2016
- Árshlutareikningur 3F 2016: 27. október 2016
- Ársreikningur 2016: 16. febrúar 2017

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (peturh@n1.is).